



12. mars 1991

Tilvísun

Til: Menntamálanefndar efri deildar Alþingis
Frá: Menntamálaráðuneyti

Alþingi

Erindi nr. P 1131925
komudagur 12 3 1991

Efni: Frumvarp til laga um listamannalaun.

Í framhaldi af fundi sem fulltrúar menntamálaráðuneytis áttu með menntamálanefnd efri deildar Alþingis vill ráðuneytið áréttta eftirfarandi:

1. Ráðuneytið gerir ekki ráð fyrir og mun ekki gera tillögu um aukin útgjöld vegna frumvarpsins fyrr en á árinu 1992.
2. Þeim fjárveitingum, er tengjast frumvarpi þessu, sem nú eru á fjárlögum 1991 verður úthlutað í samræmi við lög og reglugerðir eins og þau eru fyrir væntanlega gildistöku frumvarpsins.
3. Ráðuneytið telur afar æskilegt að frumvarp til laga um listamannalaun öðlist gildi hið fyrsta til þess að unnt sé að undirbúa úthlutun styrkja og starfslauna á árinu 1992 í samræmi við ákvæði frumvarpsins.
4. Ráðuneytið vill ennfremur taka fram, að gefnu tilefni, að ekki eru uppi nein áform um að fella niður eða breyta ákvæðum um starfslaunasjóð myndlistarmanna, sem annast úthlutun fylgiráttargjalds vegna listmunauppboða. Fjárveiting á fjárlögum ársins 1991 vegna starfslaunasjóðs myndlistarmanna kr. 1.220 þús. er m.a. vegna átaks við tölvuskráningu myndlistarmanna og vegna annars kostnaðar í tengslum við sjóðinn. Þessi kostnaður mun minnka verulega eða falla niður á næstu árum.

F.h.r

Ólafur Þorsteinsson